

Samþykkt um fiðurfjórhalð utan skipulagðra landbúnaðarsvæða í Þingeyjarsveit

1. gr.

Gildissvið og stjórnsýsla.

Samþykkt þessi gildir um fiðurfjórhalð utan skipulagðra landbúnaðarsvæða og skráðra lögbýla í Þingeyjarsveit sem er á starfssviði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra og sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Í þessari samþykkt er fjallað um fiðurfé sem samkvæmt þessari samþykkt eru allir fuglar af hænsna- og andaætt. Jafnframt nær samþykktin yfir dúfnahald. Orðið fuglar í þessari samþykkt á því eingöngu við um nefndar tegundir.

Um almennan aðbúnað og velferð dýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu dýra gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra ásmat reglugerð nr. 88/2022 um velferð alifugla.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer með málefni húsdýra samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Þingeyjarsveitar fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar, nema sérstaklega sé getið um annað.

Starfsmenn sveitarfélagsins geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögregluyfirvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef gæludýr er að mati eftirlitsins hættulegt umhverfi sínu, vörsluaðili dýrsins tálmar starfi eftirlitsaðila samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða, að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

2. gr.

Fiðurfjórhalð

Heimilað er að halda fiðurfé í Þingeyjarsveit, að fengnu leyfi, sbr. 3. gr., með þeim takmörkunum og að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari. Leyfilegt er að halda að hámarki samtals 9 fugla á sömu lóð af þeim tegundum sem þessi samþykkt nær yfir. Ekki er heimilt að halda hana og gæsir.

3. gr.

Leyfi til að halda fiðurfé

Skýlt er að sækja um leyfi til Þingeyjarsveitar fyrir fiðurfé. Umsókn um leyfi til fiðurfjórhalðs skal senda umhverfis- og framkvæmdasviði Þingeyjarsveitar áður en fuglahald hefst.

Umhverfis- og framkvæmdarsvið veitir leyfið, í umboði sveitarstjórnar, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfið er persónubundið við heimili umsækjanda enda er það ófrávíkjanlegt skilyrði að fuglarnir séu haldnir þar og skráðir.
2. Að aðbúnaður sé í samræmi við 3. gr. samþykktarinnar.
3. Að fyrir liggi samþykki allra sameiganda fjöleignarhúss, jarðar eða fasteignar þar sem það á við. Þá skulu leigjendur afla samþykkis leigusala.
4. Að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir, nema að skilyrði í g. lið. 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sé uppfyllt.
5. Að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög nr. 55/2013 um velferð dýra og lög nr. 38/2012 um búfjárhald.
6. Að fyrir liggi samþykki íbúa nærliggjandi húseigna í a.m.k. 100 m radíus frá staðsetningu fuglakofa.

Umsóknum skal skilað skriflega á skrifstofu umhverfis- og framkvæmdarsviðs þar sem að auki þeirra krafna sem greinir í 1-6 lið skal koma fram fjöldi fugla sem á að halda, tegund þeirra og tilgang með fiðurfjárhaldinu.

Við mat umsóknar eða skráningar getur umhverfis- og framkvæmdarsvið leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft á afgreiðslu umsóknar.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir sama efnis, öðrum samþykktum um dýrahald eða lög um velferð dýra, er heimilt að hafna umsókn hans.

4. gr.

Gjöld fyrir leyfi.

Fyrir leyfi til að halda fiðurfé skal leyfishafi greiða annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði af fiðurfjárhaldinu og framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarstjórn setur gjaldskrá samkvæmt 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Leyfisgjaldið greiðist einu sinni, við skráningu fiðurfjárhalds. Eftirlitsgjald greiðist einnig við skráningu dýrs, þ.e. hlutfallslega miðað við þann mánuð sem skráning fer fram og síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

5. gr.

Aðbúnaður

Um almennan aðbúnað og velferð fiðurfjárs gilda ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerðar nr. 88/2022 um velferð alifugla.

Þar sem fiðurfé er haldið skal vera meindýraheldur kofi sem rúmar þann fjölda sem leyfi er veitt fyrir. Miða skal við að rýmið sé ekki undir 1m² fyrir 9 fugla. Miðað skal við að útsvæði sé ekki undir 2m² fyrir 9 fugla, girt af með fuglheldri girðingu. Kofinn og útsvæðið skulu vera að lágmarki 3m frá lóðarmörkum.

Eigendum fiðurfjárs ber að hafa kofa þannig útbúinn að myrkvun sé möguleg. Til þess að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða frá fuglunum skal hafa myrkur hjá þeim frá kl. 21:00-7:00 alla daga.

Þrífa skal kofa reglulega og gæta þess að skítur safnist ekki upp. Halda skal lykt frá aðstöðunni í lágmarki og farga skít svo ekki leggi af því lykt.

6. gr.

Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengnisskyldur

Eigendur og umráðamenn fugla skulu gæta þess vel, að fuglar þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna. Eigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir sínum fuglum og ber að koma í veg fyrir að dýrin valdi ónæði í umhverfinu s.s. vegna hávaða, ólyktar eða óþrifnaðar og ber að sjá til þess að fuglahaldið laði ekki að meindýr.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi fôður fyrir fiðurfénað sinn og skal hann tryggja góða meðferð þeirra og fylgja lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerð nr. 88/2022 um velferð alifugla.

7. gr.

Laust fiðurfé, handsömun, geymsla, aflífun, kostnaður.

Lausaganga fiðurfjárs er með öllu óheimil í þéttbýli Þingeyjarsveitar. Sleppi fuglar, skal eigandi eða umráðamaður tafarlaust gera ráðstafanir til að ná þeim. Laust fiðurfé skal tilkynnst sveitarfélaginu sem skal gera ráðstafanir til að ná fuglunum. Starfsmenn sveitarfélagsins skulu auglýsa eftir eigenda fiðurfjársins.

Allur kostnaður sem hlýst af handsömun og geymslu skal greiddur af eiganda fuglanna og verða fuglarnir ekki afhentir fyrr en sá kostnaður er greiddur.

Finnist eigandi ekki eða eigandi sinnir ekki fyrirmælum um að sækja fugla innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu þeir aflífaðir.

8. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla leyfi og skráningu fiðurfjárs ef vanhöld verða á greiðslu skráningargjalds sem og ef eigandi hefur brotið gegn samþykkt þessari. Einnig er heimilt að afturkalla öll leyfi og skráningar telji sveitarfélagið það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og

öryggis. Jafnframt getur sveitarfélagið, telji það og héraðsdýralæknir brýna þörf á, af sömu ástæðu bannað eða takmarkað fiðurfjánhald í dreifbýli.

Skráðir eigendur eða umráðamenn fiðurfjárs sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Ef skráður eigandi eða umráðamaður fiðurfjárs vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um dýrahald og sinnir ekki þeim úrbótum eða áminningu sem hann hefur fengið getur sveitarstjórn afturkallað leyfi, bannað viðkomandi að halda dýr og látið fjarlægja fiðurféð.

Skráðum eiganda dýrs er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

9. gr.

Lögregluaðstoð.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Þingeyjarsveitar getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

10. gr.

Viðurlög og kæruheimild.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðuð er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um kæruheimildir fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

11. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi aðrar samþykktir sveitarfélaganna Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps um hæsnahald og fiðurfé.

Samþykkt á 9. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar 06.11.2023

Staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 23.11.2023